

# ICE HOT

## LEIÐBEININGAR VEGNA UMSÓKNA – OSLÓ 2024

Vinsamlegast lesið leiðbeiningarnar vel áður en umsóknin er fyllt út!

Óskað er eftir umsóknum um þátttöku í listrænni dagskrá og umsóknareyðublaðið verður aðgengilegt frá og með **xxxx** 2023.

Þú getur vistað umsóknareyðublaðið og haldið áfram með það síðar í gegnum hlekk sem verður sendur á netfangið þitt. Eftir að umsókn hefur verið send inn er ekki hægt að breyta henni.

Umsóknarfrestur er til fimmtudagsins 30. mars 2023, 14:00 að íslenskum tíma (16:00 CET).

### ALMENN HÆFNIVIÐMIÐ:

- Ice Hot er vettvangur fyrir samtímadans og kóreógrafíu.
- Þú getur verið atvinnulistamaður eða hópur sem býr í eða nýtur stuðnings frá einhverju Norðurlandanna<sup>1</sup>
- Þú getur verið atvinnulistamaður með norrænan ríkisborgararétt en búsettur utan Norðurlandanna
- Verkefnið sem þú sækir um þátttöku með þarf að vera ætlað til sýningarferða
- Við tökum aðeins við einni umsókn frá hverju félagi/listamanni/hóp<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Álandseyjar, Danmörk, Færeyjar, Finnland, Grænland, Ísland, Noregur, Svíþjóð.

<sup>2</sup> Listafólk sem starfar með mismunandi hópum getur verið með á fleiri en einni umsókn.

### LEIÐBEININGAR FYRIR UMSÆKJENDUR:

Þú getur sótt um í öðrum af eftirfarandi flokkum – **Þú getur ekki sótt um í báðum flokkum.**

- Lífandi flutningur í fullri lengd (1 verkefni)
- More More More-kynning (1 eða fleiri verkefni)

Dómnefnd Ice Hot kann að skoða tillögu þína með tilliti til hvors flokksins sem er og gæti boðið þér pláss í öðrum flokki en þú sóttir um.

Dómnefnd Ice Hot áskilur sér rétt til að leggja til önnur verk eftir listamann/hóp en það sem sótt er um með. Dómnefnd getur einnig valið verk eftir listafólk sem ekki sótti um í þessu opna kalli.

#### A) SÝNING:

Sýning, annað hvort á sviði eða í óhefðbundnu rými (site-specific). Þú getur aðeins sótt um fyrir eitt verkefni.

Til að sækja um þátttöku með sýningu:

# ICE HOT

- Sýninguna verður að frumsýna fyrir 25. maí 2023
- Upptaka af sýningunni í fullri lengd verður að vera til á Vimeo
- Skila verður inn stuttri lýsingu á verkefni/sýningu ásamt lista yfir þátttakendur (kreditlista)
- Tækniröfur (technical rider), ljósateikningar og sviðsteikningar þarf að leggja fram eigi síðar en 25. maí 2023. Ef tækniröfur eru ekki tilbúnar þegar umsókn er lögð fram þarf að skila inn bráðabirgðalista. Endanlegar tækniröfur, ljósateikningar og sviðsteikningar skal leggja fram eigi síðar en 25. maí 2023.
- Sýningin þarf að vera tiltæk til flutnings á Ice Hot Oslo, 14.-18. febrúar 2024
- Sýningin þarf að vera tiltæk fyrir sýningarferðalög á Norðurlöndunum og utan þeirra eftir febrúar 2024
- Skilyrði er að hafa framleiðanda og/eða manneskju sem ber ábyrgð á tæknimálum sem getur haldið utan um kynninguna á Ice Hot Oslo 2024 og sýningaferðalög

## Rými/tæknileg atriði

Listafólk getur lagt fram óskir um það rými sem best hentar sýningunni – svartan kassa, leikhúsrými, gallerí, tónleikasal, sérstaka uppröðun áhorfenda, óhefðbundin rými (site-specific) o.s.frv.

### A) MORE MORE MORE-KYNNING

15 mínútna örkyning (pitch) með aðstoð myndefnis og ljósmynda (t.d. Key Note, PowerPoint) og textakynningu, auk samtals við stjórnanda kynningar. Hægt er að sækja um þátttöku fyrir eitt verkefni eða röð verka.

- Hægt er að sækja um þátttöku með listræna hugmynd sem er ekki með staðfestan frumsýningardag.
- Þú getur sótt um fyrir eitt verk eða röð verka. Verkin geta hafa verið frumsýnd eða verið enn í vinnslu.
- Athugaðu að þeim mun meiri upplýsingar sem þú veitir, því auðveldara verður fyrir dómnefndina að leggja mat á verk þín.
- 1-2 fulltrúar listamanns/hóps þurfa að vera til taks til að halda kynninguna í eigin persónu á Ice Hot Oslo 14. – 18. febrúar 2024.
- Sýningin/hugmyndin verður að vera tiltæk í norrænar og alþjóðlegar sýningarferðir eftir febrúar 2024.

EINHVERJAR SPURNINGAR? HAFÐU SAMBAND VIÐ ÞANN ICE HOT-FULLTRÚA SEM ER NÆSTUR ÞÉR:

#### Finnland/Álandseyjar:

Riitta Aittokallio | [riitta.aittokallio@danceinfo.fi](mailto:riitta.aittokallio@danceinfo.fi)

#### Svíþjóð:

Katja Seitajoki | [katja.seitajoki@dansenshus.se](mailto:katja.seitajoki@dansenshus.se)

#### Noregur:

Kirre Arneberg | [kirre@dansenshus.com](mailto:kirre@dansenshus.com)

# ICE HOT

## Danmörk/Færeyjar/Grænland:

Hanne Svejstrup | [hsv@dansehallerne.dk](mailto:hsv@dansehallerne.dk)

## Ísland:

Friðrik Friðriksson | [fridrik@performingarts.is](mailto:fridrik@performingarts.is)

## STUÐNINGUR OG STYRKUR TIL VALINNA LISTAMANNA OG HÓPA

Ice Hot Osló mun greiða fyrir sýninguna með tilliti til ferðadaga, sýninga og annars kostnaðar. Einnig verður greitt fyrir More More More-kynningar. Greiðslurnar þarf að innheimta með reikningi.

Fyrir þau sem koma lengra að en frá Oslóarsvæðinu mun Ice Hot Oslo einnig greiða fyrir allt að 2-4 nóttu dvöl, gistingu, dagpeninga og ferðakostnað til Oslóar. Þegar um er að ræða listafólk/hópa sem valdir hafa verið inn í More More More-prógrammið er kostnaður greiddur fyrir allt að 2 fulltrúa listafólksins/hópsins. Hvatt er til vistvænna ferðalaga.

Auk þessa býðst öllu listafólki og hópum sem valdir eru til þátttöku sérsniðin ráðgjöf í tengslum við þátttöku þeirra í Oslo 2024.